

Ed. 287. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1 700.00 á hvert útflutt tonn greiðist af frystum karfa- og ufsaflökum og þurrkuðum saltufsa.
2. Kr. 3 000.00 á hvert útflutt tonn greiðist af saltfiski — öðrum en þurrkuðum ufsa —, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, saltfiskbitum og söltuðum gellum,
3. Kr. 3 400.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum — öðrum en karfa- og ufsaflökum —, frystum hrognum, söltuðum hrognum ót. a., frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.
Nemi gjald samkvæmt töluliðum 1—3 meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
4. 4% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju og hertum sjávardýraolíum.
5. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum og niðurlögðum.
6. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, frystri loðnu, skelfiski, saltsíld og saltsíldarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein. Heimilt er að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltaðra grásleppuhroga vegna umbúðakostnaðar kr. 500.00 fyrir hver 100 kg innihalds.
7. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og ísvörðum fiski, fiskimjöli, karfamjöli, lifrarmjöli, rækjumöli og humarmjöli.
Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greiða bæri af síldinni við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 6. tl. þessarar greinar.
8. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af loðnumjöli, loðnulýsi, síldarmjöli, síldarlýsi og síldarsoðkjarna.
9. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 3. tl. 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en $\frac{1}{3}$ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	85.0%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	9.4%
3. Til Fiskimálasjóðs	2.5%
4. Til smíði haf- og fiskirannsóknaskips	1.5%
5. Til byggingar í þágu rannsóknastofnana sjávarútvegsins	0.6%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.5%
7. Til samtaka sjómanna samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.5%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 1. janúar 1973. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 4 30. marz 1971 og lög nr. 17 4. maí 1972 um breytingar á lögum nr. 4 1966.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. lögum þessum af frystum karfaflökum, sem framleidd voru á tímabilinu 1. júní—30. sept. 1972. Einnig er heimilt að endurgreiða útflutningsgjald af saltsild framleiddri á árinu 1972.

Heimilt er að greiða kostnað af framkvæmd laga nr. 102/1972, um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu, af því fé, sem renna skal til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði all-verulegar breytingar á útflutningsgjöldum af sjávarafurðum. Hækkun gjaldanna er öll við það miðuð að auka tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa, en hann hefur verið rekinn með verulegum halla á árunum 1971 og 1972. Talið er, að halli sjóðsins á þessum árum muni nema um 150 milljónum króna. Ljóst er, að þrátt fyrir þá hækkun útflutningsgjalda, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verður áfram halli á rekstri Tryggingasjóðsins á árinu 1973, ef miðað er við óbreyttar greiðslur úr sjóðnum. Þær breytingar á útflutningsgjöldunum, sem ráðgerðar eru með frumvarpinu, eru aðallega miðaðar við eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að magngjald, sem verið hefur, verði hækkað til samræmis við verðhækkanir, þannig að greiðsluhlutfall af þeim vörum, sem magngjöld er greitt af, breytist ekki miðað við aðrar vörur.

Í öðru lagi að hækka gjaldaprósentu af fiskimjöli og loðnuafurðum, en verðlag á þessum vörum hefur hækkað mjög mikið. Áður var útflutningsgjald af loðnuafurðum lágt vegna óhagstæðs útflutningsverðs á afurðunum, en nú þótti rétt að hækka þetta gjald verulega vegna mjög hagstæðs útflutningsverðs á þeim.

Í þriðja lagi er nú lækkað nokkuð magngjald á ufsa- og karfaafurðum, þar sem verðlag á þessum afurðum er óhagstætt. Einnig má í þessu sambandi benda á, að á undanförunum árum hefur magngjald einkum verið hækkað til samræmis við almennar verðhækkningar á magngjaldsskyldum afurðum. Ufsa- og karfaafurðir hafa hins vegar mjög lítið hækkað í verði undanfarin tvö ár.

Breytingar á gjaldskránni, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1. Magngjald af vörum, sem taldar eru undir 1. tl. 1. gr., lækkar úr 2 300 í 1 700 kr. á tonn.
2. Magngjald af vörum, sem taldar eru undir 2. tl. 1. gr., lækkar úr 2 300 í 3 000 kr. á tonn.
3. Magngjald af vörum, sem taldar eru undir 3. tl. 1. gr., lækkar úr 2 300 í 3.400 kr. á tonn.
4. Gjald af loðnumjöli og loðnulýsi lækkar úr 4% í 8% af fob-verði.
5. Gjald af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli og lifrarmjöli lækkar úr 6% í 7% af fob-verði.
6. Gjald af skelfiski breytist úr 2 300 kr. á tonn í 6% af fob-verði.
7. Gjald af frystri loðnu lækkar úr 4% í 6% af fob-verði.

Við ákvörðun fiskverðs í ársbyrjun 1973 var gert ráð fyrir þeim breytingum útflutningsgjalda, sem í frumvarpinu greinir.

Gert er ráð fyrir, að breytingar þessar auki tekjur af útflutningsgjöldum um nálægt 177 millj. kr. miðað við útflutningsframleiðsluspá 1973.

Breyting á skiptingu teknanna, sjá 2. gr. frumvarpsins, miðar að því, að nær öll hækkunin renni til Tryggingasjóðs. Þetta nægir þó ekki alveg til að tryggja hallalausán rekstur sjóðsins árið 1973, þó að allar áætlanir standist. En áætlanir eru mjög óvissar, bæði um tekjugrundvöll, ekki sízt að því er snertir loðnuaflla, og útgjöld.

Við fiskverðsákvörðun í júníbyrjun 1972 var talið, að afkoma karfafrystingar væri það slæm, að nauðsyn bæri til að bæta hag þeirrar vinnslu með einhverjum hætti. Til þess að greiða fyrir fiskverðsákvörðun, var því þess vegna heitið, að höfðu samráði við samtök frystiiðnaðarins, að fella niður útflutningsgjöld af frystum karfaflökum. Undanþága þessi náði yfir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1972, og má áætla, að fjárhæð undanþága nemi um 13 milljónum króna.

Niðurfelling útflutningsgjalda af saltsild framleiddri á árinu 1972 er gerð til þess að stuðla að heimflutningi síldar af Hjaltlandseyja- og Norðursjávarmiðum.

Heimild 2. mgr. í ákvæði til bráðabirgða er í samræmi við samhljóða vilja yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins við ákvörðun verðs á loðnu til bræðslu á loðnuvertíð 1973. Hér er væntanlega um lága fjárhæð að ræða, sem lög nr. 102/1972 gera ráð fyrir að seljendur og kaupendur beri sameiginlega. Með tilliti til hinna miklu hækkana á útflutningsgjöldum á loðnu þótti þetta heppilegt fyrirkomulag. Lög nr. 102/1972 gilda til ársloka 1973.